

Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2009 – fyrri umræða 30. janúar 2009

Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2009 er hér lagt fram til fyrri umræðu. Frumvarpið gerir ráð fyrir verulegum sparnaði í rekstri sveitarfélagsins á árinu 2009. Þær breytingar sem lagðar eru til koma til framkvæmda á árinu í áföngum. Sparnaðurinn skilar sér því ekki að fullu fyrr en á árinu 2010. Til þess að gefa bæjarfulltrúum og öðrum áhugasömum sem gleggsta mynd, þá verður farið hér allitarlega yfir helstu atriði fjárhagsáætlunar.

Þann 7. október sl. undirritaði Bolungarvíkurkaupstaður samning við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EMFS). Markmið samningsins er að stöðva hallarekstur og skuldasöfnun, bæta eiginfjárstöðu og styrkja rekstrargrundvöll sveitarfélagsins til framtíðar. Í samningnum er stefnt að því að þessi markmið náist á eftirfarandi hátt:

- Með endurskipulagningu í fjármálum og eignastýringu
- Niðurgreiðslu skulda
- Aðhaldi og hagræðingaraðgerðum í rekstri sveitarsjóðs.

Í framhaldi af undirritun samningsins var hafist handa við víðtæka endurskoðun á rekstri sveitarfélagsins. Segja má að kafað hafi verið ofan í alla rekstrarþætti og leitað leiða til sparnaðar og hagræðingar. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 tekur mið af þeim tillögum sem eru niðurstaða þeirrar vinnu.

Þriggja ára áætlun er ramminn

Áætlunin tekur nokkurt mið af þriggja ára stefnumarkandi áætlun sem unnin var strax í sumar. Sú áætlun markaði ramma um þann árangur sem þyrfti að ná í rekstrinum til að hann næði jafnvægi. Fjárhagsáætlun 2009 gerir ráð fyrir að 50 mkr. hagnaður sé á rekstrinum ef reiknað er með óreglulegum tekjum, en án þeirra tekna er reksturinn ekki kominn í jafnvægi á árinu 2009. Gert er ráð fyrir að jafnvægi náist hinsvegar á árinu 2010, en þá er gert ráð fyrir að afgangur verði af rekstrinum.

Sú óvissa sem nú ríkir í efnahagsmálum þjóðarinnar gerir ríkar kröfur til sveitarfélaga. Allir eru sammála um að grunnþjónusta sveitarfélaganna skuli varin. Engar tillögur eru gerðar hér um að skerða lögbundna grunnþjónustu sveitarfélagsins þ.a. sveitarfélagið uppfylli ekki skyldur sínar gagnvart íbúunum.

Aðgerðir til að rétta af stöðu bæjarsjóðs

Þær aðgerðir sem bæjarstjórn hyggst grípa til í því skyni að rétta af stöðu bæjarsjóðs eru þríþættar. Segja má að tveir þættirnir snúi beint að bæjarstjórn og hún stýri þar útkomu að mestu með stjórnunarlegum aðgerðum. Þar er um að ræða annars vegar aukningu á tekjum, en hinsvegar lækkun á kostnaði með sparnaðaraðgerðum og hagræðingu. Þriðji þátturinn lýtur að efnahagsreikningi

sveitarfélagsins og fjármagnskostnaði, en þar leikur Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EMFS) lykilhlutverk í að vinna með bæjarstjórn að leiðréttingu.

1. Tekjuaukning:

Hækkun á tekjum sveitarfélagsins með hækkun útsvars. Hækkun þjónustutekna með því að leiðrétta gjaldskrár þ.a. þær verði í meira samræmi við gjaldskrár margra annarra sveitarfélaga. Sótt um framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna fjárhagserfiðleika sveitarfélagsins. Áætlunin gerir ráð fyrir að tekjur hækki um 139 mkr frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.

2. Sparnaður og ráðdeild í rekstri – lækkun útgjalda:

Farið hefur verið í saumana á öllum rekstri sveitarfélagsins. Reiknað er með niðurskurði í vöru- og þjónustukaupum um 10% á föstu verðlagi. Launabátturinn var skoðaður sérstaklega hjá öllum stofnunum og deildum og reynt af fremsta megni að fækka vinnustundum og bæta nýtingu mannafla. Í sumum tilvikum er dregið úr þjónustu sem ekki er lögbundin. Reiknað er með að draga úr útgjöldum um 51 mkr. Í raun má segja að sparnaðarmarkmiðið nemi hærri upphæð, en sparnaðurinn gengur nokkuð til baka vegna áhrifa launahækkana og hækkunar verðlags.

3. Efnahagur - fjármagnskostnaður

Skuldalækkun með sértækum aðgerðum og leiðréttingum. Sýna má framá að 2/3 skulda Bolungarvíkurkaupstaðar séu tilkomnir vegna félagslega húsnæðiskerfisins. EMFS var gerð grein fyrir þessari staðreynd strax á fyrsta fundi nefndarinnar með bæjarstjórn. Einnig var EMFS sent formlegt erindi þess efnis að aðalsjóður hefði staðið skil á afborgunum og vöxtum vegna félagslega húsnæðiskerfisins sem nam u.þ.b. 400 milljónum króna á núvirði s.l. áramót, m.v. lánsklaravísitölu og 3% raunvexti. Þessi upphæð er auk annarra áhvílandi skulda á húsnæðiskerfinu sem nema nálægt 430 milljónum króna um síðustu áramót. Þá var nefndinni einnig gerð grein fyrir þeim útgjöldum sem varða Náttúrustofu Vestfjarða, sem Bolungarvíkurkaupstaður hefur staðið skil á umfram samning við ríkið og sótt á um leiðréttingu í þeim efnunum. Áætlunin er sett fram með þeim fyrirvara að tillögur Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga nái fram að ganga. Þær tillögur gera ráð fyrri 250 mkr. skuldalækkun, en einnig að tryggt verði nýtt langtímalán að upphæð 140 mkr.

Helstu áherslur í fjárhagsáætlun og yfirlit um aðgerðir varðandi rekstur.

Almennt

Vöru og þjónustukaup

Sett er sú kvöð á stofnanir sveitarfélagsins að dregið verði úr vöru- og þjónustukaupum um 10% að raungildi, sem þýðir að fjárhagsáætlun gerir einungis ráð fyrir 5% hækkun á milli árána 2008 til 2009. Þá er reiknað er með að endurskoða alla þjónustusamninga.

Launakostnaður


Með það að markmiði að bjóða íbúum áfram upp á góða þjónustu, var farið í saumana á öllum þáttum í

rekstri sveitarfélagsins. Í sumum tilfellum er dregið úr þjónustu sem ekki er lögboðin, t.d. með því að stytta opnunartíma íþróttamiðstöðvarinnar. Þjónustan við íbúa verður þrátt fyrir þetta mjög góð og ekki síðri en í nágrannasveitarfélögum eða sveitarfélögum af svipaðri stærð. Þá er reiknað með að hægt sé að ná betri nýtingu starfsfólks með breytingu á skipulagi og vinnutíma. Óhjákvæmilegt er að stöðugildum fækki.

00 Skatttekjur

Útsvar

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að útsvarstekjur sveitarfélagsins verði 317 mkr. Er þá miðað við að útsvarsálagning sé fullnýtt 13,28%, en auk þess komi aukaálag á útsvar 10% og útsvarið því samtals 14,61%. Áhrif þessa á tekjur sveitarfélagsins eru nálægt 30 mkr. Rétt er að geta þess að bæjarráð hafði gert tillögu um 5% álag á útsvar á fundi sínum 22. desember sl. Bæjarstjórn, eftir að hafa fengið í



hendur tillögu frá Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga, samþykkti hinsvegar á fundi sínum 29. desember 2008. að álagið yrði 10% en ekki 5%. Reiknað er með að heildartekjur A- og B-hluta verði um 700 milljónir króna á árinu 2009, að meðtöldu sérstöku framlagi jöfnunarsjóðs.

Fasteignaskattur

Fasteignaskattur á almennt húsnæði fer úr 0,45% í 0,50% og hækkar þannig um 3 mkr. alls. Heimildin er þar með fullnýtt. Vatnsgjald fer úr 0,36% í 0,40%, sem hækkar

tekjur um 2,9 mkr. en holræsagjald úr 0,23% í 0,30% sem þýðir hækkun um 3,5 mkr.


Veittur er afsláttur af fasteignaskatti til eldri borgara. Fyrir einstaklinga með árstekjur allt að 1.720 þús. og hjóna með árstekjur allt að 2.580 þús. er veittur 100% afsláttur. Þá er veittur 50% afsláttur af fasteignaskatti fyrir einstaklinga með tekjur allt að 2.414 þús. og hjón með tekjur allt að 3.215 þús. Aukin umsvif í bæjarfélaginu vegna jarðgangagerðar og byggingar snjóflóðavarnargarðs og vinnu við endurnýjun stálþils og þekju á Brimbrjót skila auknum tekjum í bæjarsjóð og er gert ráð fyrir þeim tekjum í fjárhagsáætlun.

Reiknað er með að framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði 138 mkr., en auk þessa er gert ráð fyrir sérstöku aukaframlagi frá Jöfnunarsjóði vegna félagslega íbúðakerfisins að upphæð 66 mkr. og er sú upphæð tekjufærð í áætlun undir þeim lið.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Mikilvægi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Hlutfall Jöfnunarsjóðs í

heildartekjum Bolungarvíkurkaupstaðar hefur þannig vaxið úr því að vera 17% árið 2005 í það að vera nálægt fjórðungur tekna árin 2006 til 2008. Vegna sérstaks framlags árið 2009 er reiknað með að jöfnunarsjóður verði 29% af tekjum. Hlutfall Jöfnunarsjóðstekna er mun hærra en þetta hjá mörgum sveitarfélögum, sérstaklega þeim smærri, sem sýnir ótvírætt mikilvægi sjóðsins fyrir rekstur sveitarfélaganna. Blikur eru á lofti varðandi framlög Jöfnunarsjóðs á árinu 2010, með hliðsjón af því að hann hefur tekjur sem eru ákveðið hlutfall af skatttekjum ríkissjóðs og álagningarstofni útsvars. Spá um lækkandi skatttekjur hefur óhjákvæmilega áhrif á getu sjóðsins til úthlutunar framlaga að óbreyttum lögum. Því er ekki reiknað með jafn háum framlögum úr Jöfnunarsjóði og raun varð á á árinu 2008, þótt framlögin séu áætluð hærri en þau voru áætluð í endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.



02 Félagsþjónusta

Gert er ráð fyrir að heimsóknarþjónusta og heimaþjónusta verði endurskoðuð, m.a. m.t.t. þess að ráðinn hefur verið starfsmaður í fullt starf á vegum heilsugæslunnar til að sinna heimahjúkrun. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða félagsþjónustu batni um 1,5 mkr. á árinu 2009, en um 2,5 til 3 milljónir króna vegna sparnaðar og aukinna tekna á ársgrundvelli.

03 Heilbrigðismál

Ekki er reiknað með sérstökum aðgerðum í þessum málaflokki.

04 Fræðslu- og uppeldismál

Fenginn var sérfræðingur til að gera úttekt á grunnskólanum og tónlistarskólanum. Hann vann í nánu samstarfi við stjórnendur skólanna og var niðurstaðan sú að hægt væri án tilkostnaðar að fara í ákveðna

hagræðingu í báðum skólum. Þá komu einnig fram fleiri hugmyndir varðandi samrekstur skólanna, eða sparnað með öðrum hætti. Þær hugmyndir eru ekki fullmótaðar en verða unnar áfram.

Grunnskólinn

Sú tillaga sem gengur hvað lengst varðandi skólamálin er að farið verði í sérstaka könnun á sameiningu grunnskóla, leikskóla og tónlistarskóla. Lagt er til að leitað verði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um sérstakt framlag til að fjármagna slíka könnun, með vísan til 11. gr. reglugerðar nr. 113/2003, með síðari breytingum, um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga eða með vísan til annarra reglna sjóðsins eftir atvikum. Könnuð verði fjárhags- stjórnunar- og fagleg áhrif þess að sameina þessi þrjú skólastig undir eina stjórn. Með nýjum lögum um leikskóla, nr. 90/2008, og lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, er opnað á sameiningu þessara tveggja skólastiga og engin laga- eða reglugerðaákvæði hafa hindrað sameiningu við tónlistarskóla.

Án þess að slík sameining komi til er reiknað með að hægt sé að ná fram sparnaði í grunnskólanum og heilsdagsskólanum sem nemur á árinu 2009 u.þ.b.3,6 mkr. en nálægt 8,4 mkr. á árinu 2010. Byggist það á því að framboð kennslu verði skv. lögbundnu lágmarki, en sérkennsla er áætluð í samráði við skólastjórnendur. M.a. er reiknað með að forfallakennsla falli niður í 8. til 10. bekk.

Tónlistarskólinn

Auk þess að kanna með sameiningu tónlistarskólans við grunnakólann er lagt til að kanna hvort hagkvæmara sé að fara í samstarf t.d. með Tónlistarskóla Ísafjarðar. Þá er lögð til 25% hækkun á gjöldum í tónlistarskólann. Ennfremur er lagt til að 50 nemenda þak verði sett á fjölda nemenda í Tónlistarskólanum. Þetta er gert til að betur sé hægt að samræma stöðugildi kennara við veitta kennslu, sem getur verið erfitt þegar nemendafjöldinn sveiflast mikið á milli ára. Nýtingarhlutfall stöðugilda við skólann verður með öðrum orðum hærra. Lagt er til að sett verði upp ákveðið punktakerfi til að ákveða forgangsröðun í skólann. Kerfið taki m.a. mið af því hversu lengi nemendur hafa verið við skólann, aldri nemenda osfrv. . Fræðsluráði verði falið að móta reglur í þessu efni. Lækkun útgjalda í tónlistarskólanum ásamt auknum tekjum þýðir rekstrarbata sem nemur u.þ.b. 2 mkr. á árinu 2009 en ríflega 4 mkr. á ársgrundvelli.

Leikskólinn

Leikskólinn hefur undanfarin ár verið rekinn á tveimur stöðum. Hefur þetta reynst nauðsynlegt til að geta boðið upp á sem allra mesta þjónustu. Stefna bæjaryfirvalda hefur verið og er enn að leikskólinn verði þegar fram líða stundir rekinn á einum stað. Til að draga úr kostnaði núna er reiknað með að frá og með næsta skólaári verði leikskólinn eingöngu með starfsemi í Glaðheimum, í Hlíðarstræti, en ekki verði starfsemi á vegum bæjarfélagsins í Lambhaga. Tillögurnar lúta m.a. að því að 5 ára börnum verði kennt með 6 ára börnum í grunnskólanum og er þá horft til nýrra laga um grunnskóla og leikskóla. Þá er ennfremur gert ráð fyrir að taka ekki á móti yngri börnum en 18 mánaða í leikskóla frá og með næsta skólaári. Til að mæta þeirri þörf sem fyrisjáanlega verður fyrir hendi fyrir börn á aldrinum 9-18 mánaða, er sveitarfélagið reiðubúið til að leigja út aðstöðuna sem sköpuð hefur verið í Lambhaga, gegn vægu gjaldi, fyrir starfsemi dagmæðra. Þetta hefur ekki verið útfært, en tími mun gefast til þess á vetrarmánuðum að stuðla að því að þetta komist á laggirnar. Gert er ráð fyrir að sparnaður vegna þessa geti orðið um 3 mkr. á árinu 2009 og ríflega 7 mkr. á ársgrundvelli. Gjaldskrárhækkanir í leikskóla eru 15% og fylgja því nánast vísitölu neysliverðs frá árinu á undan.

Varðandi leikskólann er stefnt að því að taka til skoðunar þrjár hugmyndir varðandi stærð og

framtíðarstaðsetningu. Hugmyndirnar eru skoðaðar m.t.t. þess að pláss þurfi að vera fyrir allt að 60 börn.

Í fyrsta lagi verður skoðuð sú hugmynd að leikskólinn verði starfræktur eingöngu í Hlíðarstræti. Þar eru stækkunarmöguleikar á húsinu fyrir hendi og eru m.a. til leikskólar sem byggðir voru eftir samskonar teikningu, en með þremur deildum í stað tveggja í Glaðheimum.

Í öðru lagi verður skoðuð sú hugmynd að leikskólinn verði allur færður í Lambhaga. Væntanlega þyrfti þá að byggja við húsnæðið þar til hægt væri að fullnægja eftirspurn fyrir 60 börn.

Í þriðja lagi verður skoðuð sú hugmynd að leikskólinn fari inn í grunnskólann, þar sem nú er bókasafn og aðstaða safnvarðar ásamt einni stofu sem notuð er fyrir heilsdagsskóla og tónmenntakennslu. Það rými, sem er ca. 270 m², er stærra en það rými sem er í Glaðheimum (245 m²) við Hlíðarstræti í dag. Væntanlega þyrfti þá samt að byggja við skólann m.a. sérstakt anddyri fyrir leikskóla. Þessi lausn hefur þá ókosti að færa þarf bókasafnið úr skólabyggingunni. Einn valkostur sem hægt er að skoða varðandi bókasafnið er að færa það í þann hluta af húsnæði Náttúrugripasafnsins sem nú er að hluta nýttur sem geymsla og að hluta sem fyrirlestrasalur í Náttúrugripasafninu. Í staðinn hefði Náttúrustofan/safnið aðgang að fyrirlestrasal á annarri hæð í Félagsheimilinu. Í fljótu bragði virðist rýmið vera nægjanlegt fyrir bókasafn. Þá mætti einnig hugsa sér að færa bókasafnið í húsnæðið í Lambhaga. Gert er ráð fyrir að það húsnæði sem ekki yrði nýtt fyrir einhverja starfsemi á vegum bæjarfélagsins yrði selt eða leigt.

05 Menningarmál

Bolungarvíkurkaupstaður er með samning við Náttúrustofu Vestfjarða varðandi rekstur Náttúrugripasafns. Lagt er til að samningurinn verði tekinn til endurskoðunar og er markmiðið að ná 0,5 milljón króna sparnaði 2009 og 0,6 millj. kr. sparnaði á ári eftir það. Samningur um notkun kaupstaðarins á safnaðarheimilinu kveður á um 600 þús. kr. greiðslu á ári. Lagt er til að samningurinn verði endurskoðaður og stefnt að lækkun um 150 þús. kr. á árinu 2009 en 300 þús. kr. á árinu 2010. Við Bókasafn Bolungarvíkur starfa 3 starfsmenn í 1,6 stöðugildum, þar af eru 0,5 stöðugildi greidd af Grunnskólanum vegna vinnu starfsmanns fyrir skólann. Reiknað er með að minnka um 0,3 stöðugildi á safninu sem þýðir sparnað sem nemur 650 þús. kr. á árinu 2009 og áfram. Frumvarpið gerir m.a. ráð fyrir framlagi að upphæð 1,3 millj. króna til Menningarráðs Vestfjarða. Þá er gert ráð fyrir 1 mkr. vegna upplýsingamiðstöðvar ferðamála og tímabundinnar ráðningar aðila í starf kynningar- og ferðamálafulltrúa í sumar.

06 Æskulýðs- og íþróttamál

Í íþróttamiðstöðinni Árbæ eru ávallt tveir starfsmenn á vakt. Tillögurnar gera ráð fyrir að yfir veturinn séu eingöngu tveir starfsmenn á vakt á þeim tíma sem grunnskólinn er að nýta íþróttahús og sundlaug, þ.e. á tímabilinu 10:00 til 15:00 á virkum dögum. Á öðrum dögum sé einungis einn á vakt á hverjum tíma. Gert er ráð fyrir að stytta opnunartímann um 1 klst. á virkum dögum þ.a. miðstöðin loki kl. 20:00 í stað 21:00. Á laugardögum er opnunartíminn stytur um 1 klst. í báða enda og er reiknað með opnunartíma frá kl. 11:00 til 17:00, en á sunnudögum frá 11:00 til 15:00 sem einnig þýðir 1 klst. styttingu í hvorn enda. Þá er gert ráð fyrir að miðstöðin verði lokuð á mánudögum. Reiknað er með að heildarsparnaður vegna þessara aðgerða verði 5 milljónir árið 2009 en um 8 milljónir á ársgrundvelli. Tillögur varðandi opnunartíma og mönnun yfir sumartímann verða unnar í samráði við forstöðumann, en ekki er búið að reikna með lækkun kostnaðar af þeim aðgerðum, heldur eru útreikningarnir miðaðir

við 10 mánuði á ári. Endanleg útfærsla á mönnun íþróttamiðstöðvar verður unnin frekar í samráði við forstöðumann íþróttamiðstöðvar, en í öllu falli er gert ráð fyrir að niðurstaðan varðandi sparnað verði sú sama.

Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2007 var ákveðið að að bjóða upp á svokölluð frístundakort að upphæð 15.000 krónur fyrir hvern einstakling undir 16 ára aldri með lögheimili í Bolungarvík. Kortið gildir fyrir hvert skólaár og er hægt að nýta það sem greiðslu fyrir tómstundastarf eða tónlistarskóla svo dæmi sé tekið. Kortið fellur niður ef það er ekki nýtt innan viðkomandi árs. Gert er ráð fyrir að ekki verði boðið upp á slík frístundakort frá og með næsta skólaári, en þeim sem ekki hafa nýtt sér kortið ennþá fyrir þetta skólaár verði gefinn kostur á nýtingu þess. Reiknað er með að kostnaður vegna korta sem enn eru ónýtt á yfirstandandi skólaári verði u.þ.b. 250 þúsund krónur.

Gert er ráð fyrir að draga saman í peningastyrkjum í málaflokknum um 1 mkr. á árinu 2009. Einnig er reiknað með fækkun úthlutaðar tíma til félaga frá því sem var í áætlun 2008. Það kemur fram í lækkun bæði á veittum styrkjum og lækkun á tekjum íþróttamiðstöðvar, að upphæð 2,5 millj. króna.

07 Brunamál og almannavarnir

Gert er ráð fyrir að samningur við slökkviliðsstjóra verði endurskoðaður, þ.a. æfingar og skipulagning þeirra falli undir fastar greiðslur. Þá er gert ráð fyrir að setja þak á útgjöld til slökkviliðsæfinga. Frumvarpið gerir ráð fyrir að sparnaður vegna þessa verði kr 1,3 mkr. 2009 en 1,8 mkr. á ársgrundvelli. Þá er reiknað með að sparnaðarkrafa í öðrum rekstrarkostnaði verði 1 mkr.

08 Hreinlætismál

Kostnaður við sorphirðingu og sorpförgun hefur farið vaxandi á undanförunum árum. Lagt er til að settur verði upp söfnunargámur eða gámar fyrir dagblöð og tímarit annarsvegar en fyrir bylgjupappa og annan slíkan úrgang sem endurgreiðslur fást af hinsvegar. Með þessu má væntanlega draga úr tíðni sorphirðu. Því er gert ráð fyrir því að semja um að sorphirðing verði á 10 daga fresti í stað vikulega. Að reynslutíma loknum mætti jafnvel skoða að hirða sorpið á 14 daga fresti yfir vetrartímann, en oftast á sumrin. Einnig er gert ráð fyrir að dregið verði úr vöktun gámastöðvar. Með endurgreiðslum frá Úrvinnslusjóði mætti lækka kostnað við sorpeyðingu. Á móti kemur kostnaður við kaup eða leigu á söfnunargámum og tæmingu þeirra. Gert er ráð fyrir að nettósparnaður á árinu 2009 geti orðið 1,5 mkr. en 2 mkr. á ársgrunni.

09 Skipulags- og byggingamál

Reiknað er með að skipulagstillaga að nýju aðalskipulagi fyrir Bolungarvík verði tilbúin til umfjöllunar í umhverfismálaráði í apríl. Hún ætti að vera tilbúin til auglýsingar í lok ágúst.

Bolungarvíkurkaupstaður er með samning við tæknideild Ísafjarðarbæjar, sem sinnt hefur þjónustu byggingarfulltrúa, m.a. með fastri viðveru byggingafulltrúa og ýmsum verkefnum fyrir eignasjóð. Ljóst er að á næstu tveimur árum verða framkvæmdir sveitarfélagsins sem ekki hafa þegar verið ákveðnar í lágmarki. Því er sett fram sú tillaga að verkefnið verði leyst annarsvegar af bæjarstjóra, en hinsvegar

með samningi við verkfræðistofu gegn tímagjaldi sem samið verði um. Reiknað er með að sparnaður sem af þessu hlýst sé 2,2 mkr. 2009 en 2,6 mkr. á ársgrunni. Þá er reiknað með lækkun á kostnaði vegna aðalskipulags frá áætlun 2008 um 1,2 mkr.

10 Umferðar- og samgöngumál

Viðhaldi gatna og gangstétta verður haldið í lágmarki. Þá er stefnt að því að draga úr kostnaði við snjómokstur. Ef miðað er við endurskoðaða fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 þá er hér um að ræða útgjaldalækkun sem nemur alls u.þ.b. 6 mkr.

11 Umhverfismál

Reiknað er með sparnaði í málaflokknum sem nemur 2 mkr. frá endurskoðaðri fjárhagsáætlun 2008.

13 Atvinnumál

Reiknað er með lækkun styrkja frá áætlun 2008 um 2,8 mkr. En einnig er reiknað með að lækka útgjöld um 2,5 mkr. frá því sem var á árinu 2008.

21 Sameiginlegur kostnaður

Reiknað er með að laun bæjarfulltrúa lækki um 20%. Þá er reiknað með að laun nefndarmanna lækki um 20%. Ennfremur er reiknað með að laun bæjarstjóra lækki samtals um 10%. Sparnaður sem næst með þessu er nálægt 2 til 2,5 milljónir króna. Alls lækkar sameiginlegur kostnaður um 3,2 mkr. frá áætlun 2008.

Áhaldahús - eignasjóður

Reiknað er með að starfsemi áhaldahúss og eignasjóðs verði sameinuð og þar verði um að ræða 2,5 stöðugildi. Í stað 4 stöðugilda í dag. Sparnaðarmarkmiðið er 3,9 mkr. á árinu 2009 en 6,0 mkr. á ársgrundvelli. Þá er reiknað með að annar rekstrarkostnaður lækki um 3,3 mkr.

28 Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Við þær aðstæður sem nú eru ríkjandi á fjármálamarkaði er óvissan um fjármagnsgjöld meiri en oft áður. Skuldir sveitarfélagsins eru nær allar í íslenskum krónum og hefur því gengisvísitalan ekki bein áhrif á niðursöður fjármagnsgjalda. Verðbólgan er á hinn bóginn lykiltríði varðandi vaxtakostnaðinn og því skiptir miklu máli fyrir sveitarfélagið að böndum verði komið á verðbólgu. Skiptar skoðanir eru á því hversu vel og hversu hratt gangi að ná niður verðbólgu. Áætlunin gerir ráð fyrir 10% verðbólgu á árinu 2009, sem virðist vera nálægt miðgildi þess sem sveitarfélögin almennt eru að reikna með í sínum

áætlunum. Rétt er að hafa í huga að hér er um að ræða kostnaðarlið sem gerir óvissuna í áætlunargerðinni allri hvað mesta.

Á árinu 2009 er reiknað með að fjármagnsgjöld samstæðunnar séu ríflega 140 mkr.

Helstu framkvæmdir ársins 2009

Félagsheimili Bolungarvíkur

Endurbygging Félagsheimilis Bolungarvíkur heldur áfram á árinu, en framkvæmdir verða takmarkaðar við það að verkstaðan hjá verktaka verði komin í 140 mkr. Áður hafði verið ákveðið að verkstaðan færi í 120 mkr. á árinu 2008. Framkvæmdir ársins verða því um 20 mkr. Verður þá um 80% verksamningsins lokið. Ætla má að þá standi eftir um 40 mkr. framkvæmdir af kostnaði þessa verks. Gróflega áætlað þarf að setja í verkið 25 mkr. þar til viðbótar, en fram hefur komið að stjórn Sparisjóðs Bolungarvíkur hefur gert það að tillögu sinni að Sparisjóðurinn leggi fram þá upphæð til að ljúka verkinu, þ.e. til að fullbúa húsið húsgögnum og innréttingum.

Bolungarvíkurhöfn

Á árinu 2008 var ráðist í framkvæmdir við nýtt stálþil á stóran hluta Brimbrjótsins. Því verki er nú lokið. Á árinu 2009 er áformað að steypa nýja þekju á þann hluta Brimbrjótsins sem snýr að nýju stálþili og er hlutur sveitarfélagsins í þeirri framkvæmd 25%.

Á fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 13,5 mkr. í þetta verkefni.

Snjóflóðavarnir

Haldið verður áfram við snjóflóðavarnir í sumar og haust eins og áætlanir gerðu ráð fyrir. Reiknað er með að hlutur bæjarins verði 21 mkr. á árinu 2009.


B – hluta fyrirtæki

Gert er ráð fyrir að rekstur fráveitu verði í jafnvægi á árinu 2009, en vatnsveita nái ekki saman endum og er það sérstaklega vegna fjármagnskostnaðar. Vatnsveitan ætti að ná jafnvægi á árinu 2010. Félagslega íbúðakerfið verður rekið með hagnaði á árinu 2009 vegna sérstaks framlags, eins og áður er getið um. Það er þó ekki orðið fyllilega sjálfbært og þarf auknar tekjur til að vera í jafnvægi.

7% aukning var í lönduðum bolfiskafla á milli árána 2007 og 2008 hjá Bolungarvíkurhöfn. Rekstraráætlun ársins 2009 gerir ráð fyrir að höfnin verði rekin með tæplega 7 mkr. hagnaði á árinu 2009.


Skuldalækkun – endurfjármögnun lána

Unnið hefur verið að því í samstarfi við EMFS að ná fram leiðréttingu vegna félagslega húsnæðiskerfisins. Auðveldlega má sýna fram á að allt að því 700 mkr. af heildarskuldum Bolungarvíkurkaupstaðar eigi rætur sínar að rekja til félagslega húsnæðiskerfisins. Aðalsjóður hefur tekið á sig skuldbindingar vegna kerfisins og hefur þegar afskrifað háar viðskiptakröfur sem hann átti á



kerfið. Þess ber að geta að kröfur aðalsjóðs hafa ekki verið vaxtareiknaðar í bókhaldi. Afskriftir aðalsjóðs á núvirði eru nálægt 150 mkr. Það er því fagnaðarefni að tekist hefur með dyggri aðstoð EMFS að fá verulega leiðréttingu mála vegna félagslega húsnæðiskerfisins, með samningum við Íbúðalánasjóð, Sparisjóð Bolungarvíkur og framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga. Samtals nema þær aðgerðir a.m.k. 225 mkr.. Þá er einnig unnið að leiðréttingu vegna framlaga kaupstaðarins til Náttúrustofu Vestfjarða en kaupstaðurinn á kröfu á NAVE sem nemur 24 mkr.

Lánstraust hjá Lánasjóði sveitarfélaga skiptir sveitarfélagið öllu máli. Lánasjóðurinn býður mun hagstæðari lán en sum þeirra lána sem kaupstaðurinn er með í dag. Reiknað er með að Lánasjóðurinn láni sveitarfélaginu þær 50 mkr. sem eftir var að greiða út af 120 mkr. sem tekið var í haust. Þá er



reiknað með að sjóðurinn láni til viðbótar 90 mkr. sem nýttar verða til að greiða niður óhagstæð lán, eða alls 140 mkr.

Vörn snúið í sókn

Ef dregnar eru saman þær aðgerðir sem bæjarstjórn hyggst grípa til og áhrif þeirra á rekstur sveitarfélagsins skoðuð, þá kemur í ljós að verði áætlunum fylgt eftir, þá mun sveitarfélaginu takast að vinna sig út úr þeim vanda sem að steðjar. Það er ljóst að það krefst sameiginlegs átaks íbúa, starfsmanna og stjórnenda sveitarfélagsins. Það er líka ljóst að vandinn er alls ekki óviðráðanlegur og Bolungarvík mun ná vopnum sínum á ný.

Auknar álögur á íbúana geta ekki orðið vinsælar, en það ber þó að hafa í huga að þeir fjármunir sem sveitarfélög innheimta fara jú sannarlega til íbúa viðkomandi sveitarfélags aftur í formi þjónustu eða fjárfestinga. Það er líka mikilvægt að hafa í huga að auknar álögur eru tímabundnar og til þess gerðar að bæta hag sveitarfélagsins til lengri tíma litið. Það liggur fyrir að taprekstur á árinu 2008 verður mikill, enda fjármagnsgjöldin vel á annað hundrað milljónir króna. Reiknað er með miklum viðsnúningi á árinu

2009 og enn fremur að reksturinn á árinu 2010 verði kominn í jafnvægi, án sérstakra aukaframlaga. Þessi mikli viðsnúningur leggur grunninn að því að sveitarfélagið verði sjálfbært og öflugt og þar með vel í stakk búið til að þjóna þörfum íbúanna. Forsenda þess að ná fram þeim skuldalækkunum sem stefnt er að er einmitt að sýna fram á að sveitarfélagið geti verið sjálfbært. Þær aðgerðir munu verða óvinsælar hjá ýmsum og því miður sársaukafullar hjá öðrum. Rétt er að fólk hafi það í huga þegar heildarmyndin er skoðuð að til nokkurs er að vinna.

Samtals er reiknað með að gjöld, önnur en fjármagnsgjöld, dragist saman um 50 milljónir króna á milli áranna 2008 og 2009, en tekjur aukist um 138 milljónir króna. Það skal fúslega viðurkennt að nokkurrar bjartsýni gætir í áætluninni þrátt fyrir erfitt umhverfi. En á það skal líka bent að áætlunin setur okkur stjórnendum bæjarfélagsins afar stífar skorður sem okkur er ætlað að vinna eftir. Takist það, eiga hlutirnir vel að geta gengið upp og vörn verður snúið í sókn.

Ef teknar eru saman þær aðgerðir sem gripið verður til þá er reiknað með að þær skili eftirfarandi árangri í rekstri. Sparnaðarráðstafanir og lækkun kostnaðar frá endurksoðaðri áætlun ársins 2008 verður 54 mkr. eða 73 mkr. á ársgrunni. Tekjuaukning A-hluta á árinu 2009 verður skv. áætluninni 56,3 mkr. en í B-hluta 77 mkr. að meðtöldu 66 mkr. framlagi Jöfnunarsjóðs.

Framtíðarsýn – sameining ?

Það er eðlilegt við áramót að menn líti um öxl og rifji upp, en mikilvægara þó er að horfa fram á veginn og skoða hvað framtíðin getur borið í skauti sér. Stjórnendur bæjarfélags geta haft mikil áhrif á framtíð síns byggðarlags. Mikilvægt er að horfast í augu við þær staðreyndir sem við blasa og taka tillit til þeirra við mótun framtíðarstefnu. Bæjarfélag sem er sjálfbært og getur staðið á eigin fótum er betur í stakk búið til að takast á við breytta tíma.

Sameining sveitarfélaga hefur borið mjög á góma á undanförunum mánuðum. Margir telja að það sé allsherjarlausn á vanda minni sveitarfélaganna. Engan skal undra að sameining sveitarfélaganna við Djúp beri á góma, því með tilkomu jarðganga til Ísafjarðar breytast öll viðmið. Mér finnst það afar mikilvægt að ef til þess kemur varðandi okkar sveitarfélag að sameining verði á dagskránni, þá gefist íbúunum tækifæri til að taka afstöðu til slíkrar sameiningar í kosningum. Ákvörðun um slíkt verður að taka af yfirvegun. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að sveitarfélagið standi á styrkum eigin fótum þannig að um raunverulegan samanburð á valkostum sé að ræða, en ekki þrautarlendingu. Að því gefnu eigum við að vera óhrædd við að skoða allar slíkar hugmyndir og hafa það fyrst og fremst að leiðarljósi hvernig íbúum sveitarfélagsins muni líða best.

Bolungarvík 30. janúar 2009
Elías Jónatansson, bæjarstjóri